

Umhverfis og auðlindaráðuneyti
14 101

Ársreikningur 2020

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Umhverfis og auðlindaráðuneyti

kt. 571189-1519

Skuggasundi 1-3, 101 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið er ríkisaðili í A-hluta. Verkefni umhverfis- og auðlindaráðuneytisins varða meðal annars umhverfis- og náttúruvernd, loftslagsmál, sjálfbæra nýtingu auðlinda, skipulagsmál, skógrækt og landgræðslu.

Skrifstofur umhverfis- og auðlindaráðuneytisins eru sex samkvæmt skipuriti þess; skrifstofa ráðuneytisstjóra, skrifstofa fjármála og rekstrar, skrifstofa alþjóðamála og samþættingar, skrifstofa landgæða, skrifstofa loftslagsmála og skrifstofa umhverfis og skipulags. Þverfagleg teymi starfa auk þess þvert á skrifstofur ráðuneytisins.

Starfsemi ráðuneytisins fellur undir málefnasvið 17 og málaflokk 50 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 783,0 milljónir og afkoma kr. 5,6 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 76,3 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 179,3 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Umhverfis og auðlindaráðuneytis í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Umhverfis og auðlindaráðuneytis fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Sigríður Auður Arnardóttir

Ráðuneytisstjóri

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	716.800.000	685.300.000
Seld þjónusta		0	265.788
Framlög og ýmsar tekjur	3	61.872.937	53.521.056
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	4.303.012	3.821.693
Tekjur samtals		<u>782.975.949</u>	<u>742.908.537</u>
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	4	610.463.392	530.570.786
Framlög og tilfærslur	5	1.300.000	5.800.000
Annar rekstrarkostnaður	6	161.189.958	181.550.071
Afskriftir	7	4.303.012	3.821.693
Gjöld samtals		<u>777.256.362</u>	<u>721.742.550</u>
Afkoma fyrir fjármagnsliði		5.719.587	21.165.987
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		<u>(123.899)</u>	<u>(186.963)</u>
		(123.899)	(186.963)
Afkoma ársins		<u>5.595.688</u>	<u>20.979.024</u>
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	2	(8.604.312)	26.779.024
Rekstrartilfærslur		<u>14.200.000</u>	<u>(5.800.000)</u>
		<u>5.595.688</u>	<u>20.979.024</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr	31.12.2020	31.12.2019
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður		11.919.085	14.473.448
Aðrar eignir		2.887.477	2.956.885
Fastafjármunir samtals		<u>14.806.562</u>	<u>17.430.333</u>
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	9	120.877.805	132.303.757
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		39.390	276.105
Handbært fé		43.544.518	9.224.344
Veltufjármunir samtals		<u>164.461.713</u>	<u>141.804.206</u>
Eignir samtals		<u>179.268.275</u>	<u>159.234.539</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	10		
Hrein eign		76.260.293	70.664.605
Eigið fé samtals		<u>76.260.293</u>	<u>70.664.605</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	9	6.468.558	804.375
Viðskiptaskuldir		5.618.497	9.522.532
Ýmsar skammtímaskuldir	11	72.627.400	57.846.488
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	12	18.293.527	20.396.539
Skuldir samtals		<u>103.007.982</u>	<u>88.569.934</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>179.268.275</u>	<u>159.234.539</u>
Aðrar upplýsingar	13		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		5.595.688	20.979.024
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	4.303.012	3.821.693
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(4.303.012)	(3.821.693)
		<u>5.595.688</u>	<u>20.979.024</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		236.715	(58.614)
Tengdir aðilar		17.610.894	(21.984.073)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		10.876.877	10.288.007
		<u>28.724.486</u>	<u>(11.754.680)</u>
		<u>34.320.174</u>	<u>9.224.344</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	8	(1.679.241)	(5.066.092)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		0	145.000
		<u>(1.679.241)</u>	<u>(4.921.092)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar			2.821.092
Fjárfestingarframlag		1.679.241	2.100.000
		<u>1.679.241</u>	<u>4.921.092</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		34.320.174	9.224.344
		<u>9.224.344</u>	<u>0</u>
		<u>43.544.518</u>	<u>9.224.344</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Aðrar eignir	0-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna kaup á varanlegum rekstrarfjármunum eru eignfærð á þeim tíma sem tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í yfirlit um afkomu.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2020	2019
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	716.800.000	685.300.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	4.303.012	3.821.693
	<u>721.103.012</u>	<u>689.121.693</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	706.300.000	0	0	706.300.000
Fjáraukalög	(5.000.000)	0	0	(5.000.000)
Millifært af ráðstöfunarlið ríkisstjórnar	0	15.500.000	0	15.500.000
Fjárveiting til tekna	701.300.000	15.500.000	0	716.800.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum	(709.904.312)	(1.300.000)	0	(711.204.312)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(8.604.312)	14.200.000	0	5.595.688

	2020	2019
3 Framlög og ýmsar tekjur		
Kostnaðarhlutdeild	56.272.320	51.764.578
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	5.487.668	1.573.829
Ýmsar tekjur	112.949	182.649
	<u>61.872.937</u>	<u>53.521.056</u>

4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	477.152.513	418.813.260
Orlof, breyting	17.712.708	9.093.331
Launatengd gjöld	107.510.223	94.833.642
Starfsmannakostnaður	8.087.948	7.830.553
	<u>610.463.392</u>	<u>530.570.786</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	43,5	38,37

5 Framlög og tilfærslur

Rekstrartilfærslur til ríkisaðila í A-hluta	1.300.000	1.800.000
Rekstrartilfærslur aðrir	0	4.000.000
	<u>1.300.000</u>	<u>5.800.000</u>

Skýringar

	2020	2019
6 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	1.444.888	413.873
Byggingarvörur, almennar	11.160	0
Ýmis tæki og áhöld	2.431.673	574.286
Varahlutir og viðhaldsvörur	16.928	0
Orkugjafar	105.067	308.112
Matvæli	5.785.254	5.685.608
Almennar rekstrarvörur	437.249	388.295
Vörukaup, almenn	10.232.219	7.370.174
Kennslu- og föndurvörur	0	22.500
Ýmsar sérgreindar vörur	6.651	50.500
Vörukaup, sérgreind	6.651	73.000
Fundur, námskeið, risna	4.350.590	8.334.561
Ferðir, uppihald	5.314.023	29.897.411
Akstur	898.760	2.827.345
Sérfræðiþjónusta	38.981.064	37.360.186
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	118.263	188.779
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	7.848.400	5.962.856
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	4.029.724	2.123.077
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	61.540.824	86.694.215
Samningsbundin kaup og leiga	3.089.470	2.452.662
Afnotagjöld	9.991.357	9.388.090
Leigugjöld	38.894.944	54.222.176
Notkun véla og flutningatækja	58.342	226.901
Verkkaup	571.153	1.232.745
Kostnaðarhlutdeild	36.801.178	19.869.494
Opinber gjöld	3.820	20.614
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	89.410.264	87.412.682
Annar rekstrarkostnaður samtals	161.189.958	181.550.071
	2020	2019
7 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	3.115.107	3.752.285
Aðrar eignir	69.408	69.408
Sölutap og úreltar eignir	1.118.497	0
	4.303.012	3.821.693

Skýringar

	31.12.2020	31.12.2019
8 Varanlegir rekstrarfjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	11.919.085	14.473.448
Aðrar eignir	2.887.477	2.956.885
	14.806.562	17.430.333

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2020:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2020	38.263.727	3.455.297	41.719.024
Viðbætur á árinu	1.679.241	0	1.679.241
Selt/niðurfært á árinu	(9.036.306)	0	(9.036.306)
	30.906.662	3.455.297	34.361.959
Afskriftir 1.1.2020	23.790.279	498.412	24.288.691
Selt/niðurfært á árinu	(9.036.306)	0	(9.036.306)
Afskrift ársins	4.233.604	69.408	4.303.012
	18.987.577	567.820	19.555.397
Staða 31.12.2020	11.919.085	2.887.477	14.806.562

9 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	120.877.805	132.303.757
	120.877.805	132.303.757

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	6.468.558	804.375
	6.468.558	804.375

10 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2020	31.12.2019
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	70.664.605	51.387.608
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	0	(1.702.027)
Afkoma ársins	5.595.688	20.979.024
Jöfnuður 31.12.	76.260.293	70.664.605

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

	31.12.2020	31.12.2019
11 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	72.367.416	54.654.708
Ógreidd laun	0	2.397.850
Önnur ógreidd gjöld	259.984	793.930
	72.627.400	57.846.488

Skýringar

12 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2020	31.12.2019
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	14.806.562	17.430.333
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	3.486.965	2.966.206
	<u>18.293.527</u>	<u>20.396.539</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2020	17.430.333	2.966.206	20.396.539
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	2.200.000	2.200.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	1.679.241	(1.679.241)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(4.303.012)	0	(4.303.012)
	<u>14.806.562</u>	<u>3.486.965</u>	<u>18.293.527</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2020 munu kr. 2,7 milljónir koma til tekna á árinu 2021.

13 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur ekki gert skuldbindandi samninga um húsnæði en hefur gert þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa. Árlegar greiðslur vegna þjónustu- og vörslusamninga kerfa kr. 35 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2020.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.